

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 11/2017****2018/EES/78/11****frá 3. febrúar 2017****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1789 frá 7. september 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/504 að því er varðar stjórnslukröfur um viðurkenningu á og markaðsefirlit með ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 40d (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/504) í II. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 R 1789**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1789 frá 7. september 2016 (Stjtíð. ESB L 277, 13.10.2016, bls. 60).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1789, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 277, 13.10.2016, bls. 60.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.